

BRÁÐABIRGÐALÖG

107

23. júní

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að eigendur línuveiðagufuskípa séu svo nauðulega staddir efnalega, að þeim verði ekki unnt, mörgum hverjum, að gera skip sín út á sildveiðar í sumar, nema þeir komist undir ákvæði Skuldaskilasjóðslaganna og hafi þeir því farið þess á leit, að 200000—250000 krónum af fé Skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda verði varið til lánveitinga handa þeim til þess að ná samningum um skuldir þeirra, svo þeim verði unnt að að halda áfram starfrækslu, þar á meðal að gera út á sildveiðar í sumar. Við þessari mála-leitun er ekki hægt að verða samkvæmt gildandi lögum, en þar sem Vér teljum ekki verða hjá því komizt, að sinna vandræðum eigenda línuveiðagufuskípa að nokkru, teljum Vér brýna nauðsyn til bera að setja um þetta bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

5. gr. laga nr. 99, 3. maí 1935 orðist þannig:

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta ekki stærri en 60 smá-
lesta og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftir-
gjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Ennfremur má veita eig-
endum línuveiðagufuskípa lán í sama skyni, þó svo að hin samanlagða láns-
upphæð til eigenda línuveiðagufuskípa fari ekki fram úr 250000 krónum. Lánin
skulu veitt með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.